

# GERT

Grunnmenntun  
efld í raunvísindum  
og tækni



# GERT

Aðgerðaáætlun starfshóps á vegum  
mennta- og menningarmálaráðuneytis,  
Sambands íslenskra sveitarfélaga og  
Samtaka iðnaðarins


til að auka áhuga 10-15 ára nemenda á  
raunvísindum og tækni



# Stilla saman strengi


15% háskólamenntaðra á Íslandi eru með próf/gráðu í raunvísinda- og tæknigreinum, samsvarandi hlutfall er 21% í Evrópu og hefur fækkað hlutfallslega

Nemendum í iðn- og verknámi hefur hlutfallslega fækkað frá 2003 til 2011 úr 40% í 36%



# Megintillögur

- Stofnaður verði formlegur **samvinnuvettvangur** til að vinna að samstöðu og samábyrgð hagsmunaaðila um að efla grunnmenntun í tækni- og raunvísindum
- Ráðinn verði **verkefnisstjóri** til að halda utan um og fylgja eftir aðgerðaáætluninni



# Fjögur lykilmarkmið


*auka áhuga 10-15 ára nemenda á raunvísindum og tækni*

1. Samráð og ákvarðanataka á grundvelli rannsókna og gagna
2. Aukinn áhugi og þekking nemenda á tækifærum í raunvísindum og tækni
3. Aukin hæfni kennara og bættir starfsþróunar- og símenntunarkostir í raunvísindum og tækni
4. Fjölbreyttir kennsluhættir og tengsl við atvinnulíf




# 1. Samráð og ákvarðanataka á grundvelli rannsókna og gagna

Greiningar á stöðu og framtíðarþróun séu nýttar til að leggja grunn að menntastefnu sem styður velferðar- og atvinnustefnu þjóðarinnar



## 2. Aukinn áhugi og þekking nemenda á tækifærum í raunvísindum og tækni

Áhugaverð og markviss námsframboð og kynningar á atvinnutækifærum






### 3. Aukin hæfni kennara og bættir starfsþróunar- og símenntunarkostir

Styðja og hvetja kennara með því að fjölga tækifærum til símenntunar og starfsþróunar í raunvísinda- og tæknigreinum.

Fjölga kennurum sem velja sérsvið innan raunvísinda og tækni.





## 4. Fjölbreyttir kennsluhættir og tengsl við atvinnulíf

Ýta undir nýsköpun í kennsluaðferðum og bæta aðstæður til verklegrar kennslu, nýta og tengja nútímatækni, leggja áherslu á þverfaglega nálgun og tengsl við atvinnulíf í heimabyggð.


Tryggja skilvirkan samstarfsvettvang milli grunnskóla, raunvísinda- og tæknideilda framhalds- og háskóla og sérfræðinga í atvinnulífinu.



# Næstu skref

**Verkefnisstjóri** ráðinn til að fylgja framkvæmd GERT áætlunarinnar eftir. Hann útfærir aðgerðir í samvinnu við hagsmunaaðila, ýtir úr vör og fylgir eftir einstökum verkefnum GERT

**Samvinnuvettvangur** þar sem hagsmunaaðilar leggja grunn að samstöðu og samábyrgð í málefnum er varða grunnmenntunar og fræðslu á sviði raunvísinda og tækni



# Staðfesting á framhaldi GERT samstarfsins

